

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtunnans upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkn-ingar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú breytir rikisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundin atkv. um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Breyting þessi á 2. mgr. 45 gr. skattalaganna er tekin orðrétt eftir tillögum milli-þinganefndar í skattamálum, og eru athugasemdir hennar á þessa leið:

„Áður hefur nefndin rökstutt þá skoðun sína, að ekki sé tímabært að taka hér upp skattakerfi það, sem innleitt hefur verið t. d. í Bandaríkjunum og Svíþjóð, þar sem skattur er á lagður og innheimtur jafnóðum og tekjurnar falla til, eftir því sem föng eru á. Tilgangurinn með því fyrirkomulagi er fyrst og fremst sá, að skattarnir greiðist fljótt og jafnt og skattar, sem miðast við aðrar tekjur en þeir raunverulega greiðast af, safnist ekki fyrir. Var á það bent, að svipuðum árangri mætti ná í innheimtunni með breytingu á fyrirkomulagi hennar. Hafa því verið tekin upp í þessa grein ákvæði, sem heimila ráðherra að ákveða með reglugerð, að innheimta skattanna hefjist, áður en þeir eru álagðir, og innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að helmingi þeirra skatta, er honum bar að greiða næstliðið ár. Með því fyrirkomulagi dreifist skattgreiðslan á lengra tímabil en nú, rikissjóður fær skattana fyrir og jafnar greidda, innheimtan verður öruggari og vanskilahættan minni.

Þessi innheimtuaðferð hefur verið notuð í nokkur ár við innheimtu útsvara í Reykjavík og víðar, eins og kunnugt er, og gefizt vel.“

Við þetta má bæta því, að flestum skattgreiðendum mun vera hagræði að því að dreifa skattgreiðslum sínum yfir árið.

Í 1. mgr. 45. gr. skattalaganna er ráðherra heimilað að skylda kaupgreiðendur með reglugerð til að halda eftir af kaup þeirra, er kaup eða þóknun taka til lúkn-ingar á sköttum þeirra, og hefur heimild þessi verið notuð í mörg undanfarin ár. Innheimtuaðferð þessi hefur yfirleitt gefizt vel og er beitt í vaxandi mæli. Mjög margir kaupgreiðendur hafa rækt skyldur sínar skv. reglugerðinni fúslega og samvizkusamlega, en aðrir hafa vanrækt þær og sumir þeirra mjög verulega. Til þess að bæta úr þessu þykir nauðsynlegt að gera ákvæðin um þetta skýrari en áður, og lýtur breyting sú, er frumvarpið gerir á 1. mgr. 45. gr., að þessu.